

222. fundur Umferðarráðs

222. fundur Umferðarráðs var haldinn í Borgartúni 30, fimmtudaginn 11. september 2008 og hófst hann klukkan 12:00.

Mættir voru: Karl V. Matthíasson, Birna Hreiðarsdóttir, Guðmundur Bogason, Guðmundur Karl Einarsson, Benedikt Eyjólfsson, María Kristín Gylfadóttir, Ólafur Guðmundsson, Knútur Halldórsson, Morten Lange, Egill Bjarnason, Sigurður Arnar Sigurðsson, Guðmundur Haraldsson, Hjálmar Björgvinsson, Halla Halldórsdóttir, Jón Ólafsson, Birna Lárusdóttir, Sigrún A. Þorsteinsdóttir, Birgir Hákonarson, Auður Þóra Árnadóttir og Guðbrandur Bogason. Gestur var Sesselja Traustadóttir. Sigurður Helgason var fundarritari.

Karl V. Matthíasson nýskipaður formaður Umferðarráðs setti fundinn og flutti ávarp. Þar lagði hann áherslu á mikilvægi Umferðarráðs og það að fulltrúar væru vakandi fyrir allri þróun og breytingum í umferðinni. Hann sagði að sjálfsgagt megi segja að umferðarmenning hvers samfélags endurspeglir hugarfar og hugarástand einstaklinganna sem í henni eru og samfélagsins alls. Þegar ró er meiri í þjóðfélaginu þá fækkar slysum samkvæmt öllum rannsóknum þar að lútandi. Að lokum sagði Karl: „Okkar hlutverk er að halda þessu starfi áfram í góðu samstarfi við Umferðarstofu og þá aðila sem tilnefna fulltrúa í ráðið. Það stuðlar að bættri umferðarmenningu og betra lífi fólks.”

Ný heimasíða Umferðarráðs

Birgir Hákonarson greindi frá undirbúningi að gerð heimasíðu Umferðarráðs og lýsti síðan uppbyggingu hennar. Mest áberandi á forsíðu er aðgangur að pistlum og fréttum sem tengjast starfi ráðsins. Þá er þar að finna lista yfir fulltrúa og varafulltrúa í Umferðarráði, ályktanir ráðsins, úrdrátt úr fundargerðum, ýmsan fróðleik og sögulegar staðreyndir varðandi Umferðarráð. Hann sagði að allar góðar ábendingar um efni væru vel þegnar og að óskað væri eftir að fulltrúar í ráðinu sendu pistla og fróðleik um umferðarmál. Slíkir pistlar þyrftu að birtast um það bil hálfsmánaðarlega. Einnig er gert ráð fyrir tenglum á heimasíður aðila sem tilnefna fulltrúa í Umferðarráð.

Endurskoðun umferðarlaga

Birna Hreiðarsdóttir sagði að veðrið og umferðin ættu það sameiginlegt að allir ræddu um hvorttveggja og töldu sig vita talsvert um það. Hún sagði að í umferðarlaganefndinni undir stjórn Róberts Spanó hefði verið ákveðið að hagsmunaaðilar yrðu kallaðir fyrir hana. Margir ætluðu hins vegar að skila skriflegum greinargerðum. Gert væri ráð fyrir því að drög að frumvarpi yrðu birt í byrjun desembermánaðar. Hún sagði að nauðsynlegt væri að vanda til gerðar greinargerðar, hún hefði ekki verið nógu góð árið 1987. Eftir áramót komi síðan umsagnaferli og gert væri ráð fyrir að menn fengju góðan tíma. Síðan væri gert ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi til kynningar á vorþingi 2009. Birna sagði að verið væri að kalla til stærstu aðilana vegna þessa og yrði Karl Matthíasson fyrstur til að fara fyrir nefndina.

Að því loknu tjáðu fulltrúar í ráðinu sig um þau atriði sem þeir telja að mestu máli skipti að verði breytt. Komu þar fram mörg athyglisverð sjónarmið.

Önnur mál:

Birna Hreiðarsdóttir sagði að gert væri ráð fyrir að nýjar tilnefningar í Umferðarráð yrðu ljósar 1. desember n.k.

Kosinn var fulltrúi í úthlutunarnefnd Umferðarljósins og varð Ólafur Kr. Guðmundsson fyrir valinu.

Birna Hreiðarsdóttir sagði varðandi reglugerð um merkingar við framkvæmdir að hún yrði gefin út um miðjan nóvember. Varðandi umferðarlagafrumvarpið sagði hún að ákvæði um váttryggingar færu yfir til viðskiptaráðuneytis. Hún sagðist vera hlynnt hægri beygju á rauðu ljósi. Birna sagði að gera þyrfti fundarplan Umferðarráðs fyrir veturinn.

Morten Lange sagði að leggja þyrfti auknu áherslu á að fulltrúar í Umferðarráði fræddu hverja aðra.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 14:00.

Sigurður Helgason
fundarritari